



**Skýrsla um banaslys í umferðinni**  
**Víkur á Skaga**  
Málsnr. 2011 - 012

Rannsóknir RNU miða að því að leiða í ljós orsakir umferðarslysa til að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í umferðinni, sbr. lög um Rannsóknarnefnd umferðarslysa nr. 24/2005 með síðari breytingum.

## Víkur á Skaga 12.7. 2012

### Útafakstur

Látinn 60 ára karlmaður

### Samantekt

Ökumaður ók bifhjóli út af heimreið ofan í læk við bæinn Víkur að kvöldi til. Hafnaði hann með höfuðið á steini á lækjarbakknum. Hann var ekki með hlífðarhjálms á höfðinu og hlaut við fallið banvæna höfuðáverka. Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur miklar líkur á því að hann hefði lifað slysið af, hefði hann verið með hlífðarhjálms. Beinir nefndin því til allra sem aka bifhjólum, bæði litlum bifhjólum og stórum, að vera með viðurkenndan hjálms og gæta að því að hann sé tryggilega festur á höfuðið við notkun.

### Aðstæður

#### Veður og birta:

Engin ofankoma, logn og bjart.

#### Vegur:

Heimreiðin að Víkum: Malaryfirborð, frekar laust.

#### Tími sólhrings:

Kl. 18:40.

#### Ökutæki:

Suzuki bifhjól.


Rannsóknarnefnd umferðarslysa  
húsi Flugbjörgunarsveitarinnar  
Flugvallavegi  
101 Reykjavík

Heimasíða:  
[www.rnu.is](http://www.rnu.is)

Tölvupóstfang:  
[rnu@rnu.is](mailto:rnu@rnu.is)

## Lýsing á slysi

Karlmaður ók bifhjóli á heimreið að bænum Víkum að kvöldi til. Veður var gott, lítill vindur, bjart og þurr. Á ökuleið mannsins var nokkuð kröpp beygja til vinstri inn á litla trébrú yfir læk. Náði ökumaður hjólsins ekki beygjunni og lenti ofan í læknum. Engin vitni urðu að slysinu.



Mynd 1: Akstursleið bifhjólsins. Malaryfirborðið var mjög laust á veginum.

Um eins og hálf metra fall er niður af veginum ofan í lækinn við brúarsporðinn og voru stórir steinar á lækarbakkanum. Ökumaðurinn hafnaði með höfuðið á einum þeirra. Hann var ekki með hlífðarhjálma á höfðinu og hlaut mjög alvarlega höfuðáverka. Ökumaðurinn var fluttur meðvitundarlaus með þyrlu á sjúkrahús en hann lést af völdum áverka sinna viku síðar.

Bifhjólið var af gerðinni Suzuki Address V100, svokölluð vespa árgerð 1992, og skráð 9,5 hestöfl. Ökumaðurinn hafði ekki réttindi til aksturs slíks hjóls. Hjólið var afskráð á árinu 1999 og hafði aldrei verið fært til skoðunar frá því að það var nýskráð. Á hjólinu voru skráningarplötur af léttu bifhjóli. Lítið loft var í báðum hjólbörðunum sem hefur slæm áhrif á aksturseginnleika bifhjóla. Við sjónskoðun á hjólinu á vettvangi sást ekkert sem benti til að bilun hafi orsakað slysið. Hjólförin eftir akstur bifhjólsins af veginum og út í lækinn voru greinileg í lausamölinni á veginum. Ekki mátti greina í förinum að ökumaður hafi hemað.

Ökumaður var heimamaður og þekkti staðhætti vel. Hjólið var aflítið og var ökuhraðinn sennilega ekki mikill þegar slysið átti sér stað. Malaryfirborðið var laust, sérstaklega á þeim hluta þar sem hjólförin lágu út af veginum.

Engin áfengis- eða lyfjarannsókn var gerð eftir slysið en ekki voru grunsemdir um að ökumaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna.

## Orsakagreining

- Ökumaður bifhjólans missti stjórn á hjólinu í krappri beygju og lausamöl.
- Hann var ekki með hlífðarhjálmar á höfðinu.

## Ábendingar

### Hjálmar

Ökumaðurinn var ekki með hjálmar á höfði. Í 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, er öllum sem eru á bifhjóli eða torfærutæki á ferð skylt að nota viðurkenndan hlífðarhjálmar. Hann lenti með höfuðið á steini og hlaut banvæna höfuðáverka. Miklar líkur eru á að hann hefði lifað slysið af hefði hann verið með hlífðarhjálmar. Nefndin hefur áður rannsakað sambærileg mál. Í slysi sem varð á Haukadalsheiði, þann 16. október 2009, féll farþegi af fjórhjóli á lítilli ferð og lést af völdum höfuðáverka. Í því slysi var hjólið á 30 til 40 km/klst. hraða og líkur eru á að í þessu slysi hafi hraðinn verið svipaður. Hjálmar gegna veigamiklu hlutverki í slysavörnum. Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til allra sem aka bifhjólum, bæði litlum hjólum og stórum, að vera með viðurkenndan hjálmar og gæta að því að hann sé tryggilega festur á höfuðið við notkun.

### Óskráð ökutæki í umferð

Bifhjólið var skráð úr umferð og auk þess var á því rangt skráningarnúmer. Í 63. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er eigendum gert skylt að skrá bifreið, bifhjól, torfærutæki eða dráttarvél áður en þau eru tekin í notkun og setja á þau skráningarmerki. Í 93. grein sömu laga er lögð váttryggingarskylda á eigendur eða umráðamenn ökutækis. Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til eigenda og umráðamanna skráningarskyldra ökutækja að gæta að því að skráning þeirra sé lögleg og ökutækin tryggð.

Reykjavík 15.10.2012

Rannsóknarnefnd umferðarslysa